



# Safnaðarblað Akureyrarkirkju

September 2013

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigbórsdóttir og Svavar Alfreð Jónsson



Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir fræðir fermingarbörn við Vestmannaátt í ágúst 2013.

## Upphaf vetrarstarfs Akureyrarkirkju

Sunnudaginn 15. september kl. 11.00 verður fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju og markar hún upphaf vetrarstarfs kirkjunnar. Við hefjum veturinn af fullum krafti, sunnudagaskólinn verður á sínum stað. Sr. Svavar Alfreð, sr. Hildur Eir, sr. Sunna Dóra, Hjalti Jónsson

söngvari og sunnudagaskólakennari og Sigrún Magna organisti leiða stundina. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju leiða söng.

Að lokinni guðsþjónustu verður opið hús í Safnaðarheimilinu, léttar veitingar í boði og fólk sem heldur utan um hina

ýmsu starfsþætti kirkjunnar verður á staðnum til að kynna starf vetrarins. Nú er um að gera að mæta og vera með frá upphafi í skemmtilegu og öflugum kirkjustarfi í Akureyrarkirkju.

Verið öll hjartanlega velkomin í kirkjunna í vetur.

### Bleika messan 27. október nk.

Eins og flest okkar vita er októbermánuður helgaður árvekni gegn brjóstakrabbameini. Við ætlum að halda bleika messu sunnudagskvöldið 27. október nk. kl. 20:30. Tónlistarþemað eru lög Evu Cassidy en hún lést úr brjóstakrabba langt um aldur fram. Lára Sóley og Hjalti flytja tónlistina, við fáum að heyra reynslusögur krabbameinsgreindra, séra Hildur Eir flytur hugleiðingu um von og trú og lífsgæði í lífsins ólgusjó og Sunna Dóra Möller flytur hugleiðingu sem aðstandandi. Það eru allir

hjartanlega velkomnir í þessa messu og þó að undirtóninn sé alvarlegur ætlum við samt sem áður að gleðjast og njóta.

### Paramessa 24. nóvember

Hvað er rómantískara en að bjóða ástinni sinni til Paramessu í nánd jóla, hver veit nema við fjöllum sérstaklega um jólin og hjónabandið og hver veit nema tónlistarfólkið taki eins og eitt rómantískt jólagag t.d. „Ef ég nenni“ með Helga Björns. Já, hver veit. Sjáumst sunnudagskvöldið 24. nóv. kl. 20:30 í Akureyrarkirkju.

# Eldri hópur ÆFAK- Æskulýðsfélags Akureyrarkirkju í Taize í Frakklandi!

Þann 21. júlí síðastliðinn hélt fríður hópur ungleiðtoga við Akureyrarkirkju ásamt sr. Hildi Eir Bolladóttur og sr. Sunnu Dóru Möller til Taize í Frakklandi. Ferðin var liður í ungmennaskiptaverkefni unglingastarfs kirkjunnar sem á sér orðið langa sögu og nær aftur til ársins 1999. Taize-samfélagið í Frakklandi er samfélag um 100 bræðra, bæði kaþólskrar og mótmælendatrúar sem hafa opnað samfélag sitt ungu fólki en árlega koma þúsundir ungmenna til Taize til að eiga saman samfélag í trú og gleði. Kjarninn í tilveru bræðranna eru þrjár daglegar bænaguðsþjónustur þar sem tónlistin skipar stóran sess en Taize-sálmar eru vel þekktir í kirkjulegu samhengi og markmið þessara sálma er bænin, sameiginleg bæn, hvort sem um er að ræða litla hópinn, messuna eða fjölmenna samkomu.

Ungmennin sem fóru með í þessa ferð voru 6 talsins og hafa þau öll verið lengi í æskulýðsstarfi kirkjunnar og hafa orðið góða reynslu í að starfa sem ungleiðtogar við kirkjuna. Ferðin tókst í alla staði vel og voru ungmennin glöð og sátt við dvölinna í Taize en þar sóttu þau hópastarf, bænastundir og unnu ýmiss konar sjálfböðavinnu á staðnum. Þau kynntust nýju fólki alls staðar að úr heiminum og hittu gamla vini úr erlendu samstarfshópum ungmennastarfsins frá Finnlandi, Þýskalandi og Eistlandi.



*Hluti af hópnum fyrir framan Louvre í París. Á myndina vantar: Hinrik Svansson, Hafþór Frey Lindal og sr. Sunnu Dóru Möller sem tók myndina!*

Dvölin endaði í París en þar dvöldum við með ungmennunum í fjórar nætur, skoðuðum París en þar er sannarlega margt að sjá en einnig var nefið rekið inn í nokkrar verslanir. Það voru því afar sáttir unglingar sem lentu í Keflavík að morgni 1. ágúst sl. eftir góða og áhrifaríka dvöl í Frakklandi.

Það er augljóst og löngu búið að sanna sig að ungmennaskiptaverkefni unglingastarfsins skilar sér ríkulega inn í starfið en það að mynda tengsl við unglinga sem eru þátttakendur í kirkjustarfi um víða

Evrópu stækkar sjóndeildarhring þeirra sem taka þátt og gefur þau skilaboð að við sem kirkja erum hluti af stærra samhengi og að kirkjan í heiminum starfar án landamæra. Þessu samstarfi er hvergi nærri lokið og erum við að hefja skipulagningu á nýju verkefni fyrir sumarið 2014 sem æskulýðsfélagið – eldri hlutinn mun taka þátt í. Það er því margt skemmtilegt og spennandi framundan í starfi ÆFAK-Æskulýðsfélags Akureyrarkirkju í vetur.

*Sunna Dóra Möller, æskulýðsprestur Akureyrarkirkju.*

## Kríasálmar



Þriðjudaginn 10. september hófst að nýju tónlistarnámskeið í Akureyrarkirkju sem ber heitið Kríasálmar.

Þetta er í sjöunda sinn sem slíkt námskeið er haldið í kirkjunni en námskeiðið er ætlað foreldrum 3-12 mánaða ungbarna og markmiðið er að kenna foreldrum hvernig nota má tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra. Kennð eru ýmis lög og leikir og lögð áhersla á tengsl snertingar, söngs og hreyfingar. Raddir foreldranna eru þær fyrstu sem ungbörn læra að þekkja og það veitir þeim öryggi og ánægju að heyra þær. Sönghæfileikar skipta því engu máli í þessu samhengi en málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldris og barns! Einkum er notast við tónlist kirkjunnar, þekkt barnalög, leiki og þulur en einnig kynnt tónlist til hlustunar og leikið með hljóðfæri.

Námskeiðið er tvisvar í viku, 45 mínútur í senn, á þriðjudögum og á föstudögum kl. 10:30 og er þátttökugjald kr. 3500 fyrir sex skipti.

Skráning og nánari upplýsingar veitir Sigrún Magna í síma 820-7447, einnig má senda tölvupóst á netfangið [sigrun@akirkja.is](mailto:sigrun@akirkja.is)

# Samhygð - Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989 af hópi fólks sem hafði kynnst sambærilegum félagsskap í Reykjavík og fann að það var mikil þörf fyrir svona sjálfshjálparhópa á landsbyggðinni. Frá upphafi voru fundir haldnir hálfsmánaðarlega allt árið í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Á veturna var reynt að vera með fyrirlestur í hverjum mánuði um hin ýmsu efni. Nú starfar félagið einu sinni í mánuði frá september til júní og er áætlað að vera með fyrirlestra/erindi 6 til 7 sinnum yfir starfsárið. Markmið samtakanna er að veita þeim stuðning sem koma að leita sér hjálpar eftir ýmis sorgaráföll er upp koma í lífinu, hvort heldur það er ástvinamissir, alvarleg veikindi, fötlun, atvinnumissir, skilnaður, gjaldþrot eða hvað annað. Það hjálpar heilmikið að geta talað við einhvern í trúnaði um sorgir sínar og áhyggjur og vita að sá hinn sami hefur upplifað sömu tilfinningar og efasemdir um framtíðina, en getur nú litið glaður fram á veginn. Fundir Samhygðar eru í fundarsal Safnaðarheimilis Akureyrarkirkju, gengið inn hjá kapellunni.

Opið hús/fundir byrja kl. 20.00 og eru auglýstir í Dagskránni.

## Stjórn Samhygðar veturinn 2013 - 2014:

Kristín E. Sveinbjörnsdóttir, formaður,  
sími 462-6965 og 847-4250,  
netfang: [kittyes@simmet.is](mailto:kittyes@simmet.is)  
Hugrún Stefánsdóttir, gjaldkeri.  
Annetta Maria Norbertsdóttir.  
Haraldur Bjarnason  
Varastjórn:  
Ólöf Tryggvadóttir.

Veffang Samhygðar:  
[www.kirkjan.is/ejyaffjardarprofastsdaemi](http://www.kirkjan.is/ejyaffjardarprofastsdaemi)

## Opin hús/fundir vetrarins 2013—2014 eru sem hér segir:

Dagskrá Samhygðar er í vinnslu og verða erindi Opinna húsa auglýst síðar.

12. september, Opið hús spjall og kaffi.

10. október

14. nóvember

12. desember

9. janúar

13. febrúar

13. mars

10. apríl

8. maí

12. júní, Opið hús spjall og kaffi.

Allir velkomnir á fundi. Engin félagsgjöld en öllum velkomið að styrkja félagið með fjárfraumlögum á reikning 0162-26-003607, kt. 640191-2289.

## Sumartónleikar Akureyrarkirkju

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju voru haldnir alla sunnudaga í júlímánuði í kirkjunni eins og undanfarin ár. Tónleikaröðin hefur aldrei verið betur sótt og erum við hér í kirkjunni þakklát áheyrendunum sem tóku tónlistarfólkinu afar vel. Það var Guðný Einarsdóttir orgelleikari sem lék á fyrstu tónleikunum, efnisskrá sem hún tileinkaði Þorkeli Sigurbjörnssyni tónskáldi og Marteini H. Friðrikssyni dómorganista. Peter Maté lék rómantíska efnisskrá á flygilinn á næstu tónleikum og var frábært að heyra hversu vel hljóðfærið hljómaði í kirkjunni.

Á þriðju tónleikunum söng Kristjana Arngrímsdóttir sig inn í hjörtu áheyrenda með frumsömdu efni við undirleik Arnar Eldjárns og Jóns Rafnssonar. Tónleikaröðinni lauk svo með tónleikum Gunnars Gunnarssonar organista og Sigurðar Flosasonar saxofónleikara en þeir fluttu ættjarðarlög, sálma og eitt jólalag fyrir gesti.

Það er frábært að geta boðið upp á ókeypis tónleika í kirkjunni á sumrin og viljum við þakka Akureyrarbæ, 1862 Nordic Bistro, Ketilhúsinu og öllum öðrum sem lögðu okkur lið.

## Samvera eldri borgara

Athygli er vakin á því að samverur **eldri borgara í Akureyrarkirkju** verða á fimmtudögum í vetur. Fyrsta samveran verður fimmtudaginn 3. október kl. 15.00. – Líkt og undanfarin ár bjóðum við upp á akstur frá Víðilundi kl. 14.25, Mýrarvegi 111 kl. 14.35 og Hlíð kl. 14.45.

## Stúlknakórinn

Það er marga spennandi á döfinni hjá Stúlknakór Akureyrarkirkju í vetur og er kórinn er í stöðugum vexti. Enn er möguleiki á að ganga í kórinn, en hann er skipaður hæfileikaríkum stúlkum á aldrinum 13-17 ára.

Æfingar eru á fimmtudögum frá kl. 17:30-19:00 og stjórnandi í vetur er Sigrún Magna Þorsteinsdóttir, [sigrun@akirkja.is](mailto:sigrun@akirkja.is).

## Kvenfélag Akureyrarkirkju

Kvenfélag Akureyrarkirkju hefur vetrarstarf sitt fimmtudaginn 10. október kl. 19.30 og bjóðum við konum á öllum aldri að starfa með okkur.

Félagið heldur 4 fundi á vetri ásamt fjárfraumlunardegi sem haldinn er 17. nóvember nk. Einnig sjáum við um kaffi aldraðra sem er einu sinni í mánuði og um súpu í hádeginu á fimmtudögum eftir kyrðar- og fyrirbænaundirbúningi.

Kvenfélagið styrkir mæðrastyrksnefnd og Ljósberasjóðinn sem er líknarsjóður innan kirkjunnar sem styður við bágstadda.

## Bænaslökun og jóga hefst aftur þann 22. okt nk.

Við ætlum aftur að bjóða upp á bænaslökun og jóga í kirkjunni í samstarfi við Átak heilsurækt. Ulrica og Hildur Eir sjá um stundirnar sem eru alla þriðjudaga fram til 10. des, frá klukkan 12:10 til 13. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir. Dýnur og teppi á staðnum. – Sjáumst!

## Syngjandi kirkja

Fræðslukvöld fyrir kórfólk og aðra úboga-sama í Glerárkirkju í október: Miðvikudaginn 9. okt., fimmtudaginn 17. okt., miðvikudagana 23. og 30. okt kl. 20-22.

Í upphafi er helgistund með þátttöku kirkjukórs sem flytur dæmi um efni kvöldsins. Kórstjóri / organisti fjallar um tónlistarstefnur innan kirkjunnar og guðfræðingur um sálmana. Áhersla er lögð á umræðu þeirra á milli og þátttakenda. Boðið er upp á veitingar í hléi.

Námskeiðið er öllum opið og þátttakendum að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar um fræðslukvöldið má finna á heimasíðu kirkjunnar [www.akirkja.is](http://www.akirkja.is)

# Starfið í Akureyrarkirkju

## September

**Sunnudagurinn 15. september,**  
**16. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
**Upphaf vetrarstarfs í Akureyrarkirkju.**  
Fjölskyldugudsjónusta í Akureyrarkirkju  
kl. 11:00.  
Léttar veitingar og kynning á vetrarstarfinu  
í Safnaðarheimilinu strax á eftir.

**Þriðjudagurinn 17. september**  
Krílasálmánámskeið kl. 10.30-11.15.  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur I, Brekkuskóli.

**Sunnudagurinn 22. september,**  
**17. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu  
kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju  
kl. 11:00.

**Þriðjudagurinn 24. september**  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur II, Lundarskóli.

**Föstudagur 29. September**  
Krílasálmánámskeið kl. 10.30-11.15.

**Sunnudagurinn 30. September,**  
**18. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu  
kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

## Október

**Þriðjudagur 1. október**  
Krílasálmánámskeið kl. 10.30-11.15.

## Minningarstund vegna fósturláta

Minningarstund vegna fósturláta verður haldin í Höfðakapelli á Akureyri fimmtudaginn 12. september kl. 16.30.

Minningarstundin er hugsuð til að koma til móts við þau ótalmörgu sem upplifað hafa sorg vegna fósturláts.

Að stundinni lokinni verður gengið í nýjan fósturduftreit í kirkjugarðinum, þar sem hægt er að leggja blóm við minnisvarðann.

Minningarstundin er haldin í samvinnu Sjúkrahússins á Akureyri og Út-fararþjónustu kirkjugarða Akureyrar.

Prestur er sr. Guðrún Eggertsdóttir, tónlistarflutning annast Sigrún Magna Þorsteinsdóttir organisti og Sigríður Hulda Arnardóttir, söngkona.

Athöfnin er öllum opin.

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

**Fimmtudagur 3. október**  
Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu  
kl. 15.00-17.00.

**Sunnudagur 6. október,**  
**19. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu  
kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

**Þriðjudagurinn 8. október**  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur I, Brekkuskóli.

**Sunnudagurinn 13. október,**  
**20. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu  
kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

**Þriðjudagurinn 15. október**  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur II, Lundarskóli.

**Sunnudagurinn 20. október,**  
**21. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.  
Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

**Þriðjudagurinn 22. október**  
Slökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12.10.  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

**Sunnudagurinn 27. október,**  
**22. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
Fjölskyldugudsjónusta í Akureyrarkirkju  
kl. 11:00.

Bleik messa í Akureyrarkirkju kl. 20.30.

**Þriðjudagurinn 29. október**  
Slökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12.10.  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur I, Brekkuskóli.

## Nóvember

**Sunnudagurinn 3. nóvember,**  
**Allra heilagra messa.**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu  
kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

**Þriðjudagurinn 5. nóvember**  
Slökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12.10.  
Söfnun fyrir hjálparstarf kirkjunnar,  
öll fermingarborn mæta þennan dag.

**Fimmtudagurinn 7. nóvember**  
Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu  
kl. 15:00-17:00.

**Sunnudagurinn 10. nóvember,**  
**Kristniboðsdagurinn**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu  
kl. 11:00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11.00.  
Gudsjónustur á Hlíð og í Lögmanshlíð.

**Þriðjudagurinn 12. nóvember**  
Slökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12.10.  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur II, Lundarskóli.

**Sunnudagurinn 17. nóvember,**  
**25. sunnudagur eftir þrenningarbátíð.**  
**Kirkjudagur.**  
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu  
kl. 11:00.

Hátíðargudsjónusta í Akureyrarkirkju  
kl. 14:00.

Fjáröflunardagur Kvenfélags Akureyrarkirkju.  
Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00

**Þriðjudagurinn 19. nóvember**  
Slökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12.10.  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli

**Sunnudagurinn 24. Nóvember,**  
**síðasti sunnudagur eftir**  
**þrenningarbátíð.**  
Fjölskyldugudsjónusta í Akureyrarkirkju  
kl. 11.00.

Paramessa í Akureyrarkirkju kl. 20.30.

**Þriðjudagurinn 26. nóvember**  
Slökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12.10.  
Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.  
Hópur I, Brekkuskóli

## Fastir liðir

### Mánudagar:

Söknaðarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

### Þriðjudagar:

Morgunsöngur í kapelli kl. 9:00.  
Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00 – 22:00.

### Miðvikudagar:

Foreldramorgunn kl. 10:00 – 12:00.  
Kirkjukrakkur í kapelli kl. 15:00 – 16:00.  
TTT í kapelli kl. 17:00 – 18:00.  
ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00 – 21:00.  
12 spora starf í kapelli kl. 20:00-22:00.

### Fimmtudagar:

Kyrrðar- og fyrirþenastund kl. 12:00.  
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu  
eftir stundina..  
Æfing yngri barnakórsins í kapelli  
kl. 14:00 – 15:00.  
Æfing eldri barnakórsins í kapelli  
kl. 16:30 – 17:30.  
Æfing Stúlnakórsins í kapelli  
kl. 17:30 – 19:00.